


## ☒ Re: Kynning á vinnslutillögu að nýju Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2019-2031

Búið til	5.1.2022 18:29:25
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	5.1.2022 18:29:23
Tilheyrir	 202112-0045 - Kynning á vinnslutillögu að nýju Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2019-2031

### Efni

Re: Kynning á vinnslutillögu að nýju Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2019-2031

### Upplýsingar

Sent	5.1.2022 18:29:23	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	bygg@klaustur.is

### Innihald

Tilvísun í mál nr. 202112-0045 (LA, SS, BK)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá skipulags- og byggingafulltrúa Skaftárhrepps, dags. 17. desember 2021, þar sem óskað er eftir ábendingum eða athugasemdum við vinnslutillögu að nýju aðalskipulagi Skaftárhrepps 2019-2031.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögnin sem fylgja tillögunni og samanstanda þau af greinargerð og umhverfismatsskýrslu, sveitarfélagsuppdrætti og þéttbýlisuppdrætti. Með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, kemur fram flest það sem fjalla þarf um í frekari vinnu við nýtt aðalskipulag.

Jákvæð er sú almenna áhersla í greinargerðinni um mikilvægi þess að vernda náttúru svæðisins þegar kemur að ákvarðanatöku fyrir einstaka landnotkun eða framkvæmdir. Mikilvægt er að þessi áhersla endurspeglis í ákvarðanatöku um einstök deiliskipulagsáform eða leyfisveitingar.

Náttúrufræðistofnun vill koma eftirfarandi ábendingum og athugasemdum á framfæri:

## Sveitarfélagsuppdráttur

Lagfæra þarf mörk Vatnajökulsþjóðgarðs sem nær yfir Lakagígaröðina.

Það verður að teljast undarlegt að teiknað er inn á sveitarfélagsuppdrátt uppstöðulón virkjunarkosta sem ekki hafa verið samþykktir í Rammaáætlun, s.s. uppistöðulón vegna Búlandsvirkjunar, uppistöðulón við Atley og uppistöðulón vegna Hverfisfljótsvirkjunar. Þessar upplýsingar á kortinu koma ekki fram í skýringum.

Þá má geta þess að í ágúst 2021 var efsti hluti vatnasviðs Hólmsár friðlýstur gegn orkuvinnslu (sjá <https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlyst-svaedi-a-rammaaetlun/holmsa-rammaaetlun/>) (<https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlyst-svaedi-a-rammaaetlun/holmsa-rammaaetlun/>). Ekki er alveg ljóst á sveitarfélagsuppdrættinum hvaða svæði það er sem er sýnt skástríkað til suðausturs, nær yfir Hólmsá og skarast við náttúruminjasvæðið Emstrur og Fjallabak nr. 761. Upplýsingar vantar í skýringar kortsins.

### Náttúrufar með hátt verndargildi:

Mörg mikilvæg náttúrufarssvæði eru innan Skaftárhrepps sem hafa hátt verndargildi eða njóta sérstakrar verndar. Eins og fram kemur á bls. 20 í greinargerðinni hefur Náttúrufræðistofnun lagt fram tillögu að nokkrum svæðum fyrir B-hluta náttúruminjaskrár um verndarsvæði sem mikilvægt er að leggja áherslu á í aðalskipulagi að beri að vernda. Þetta eru:

**Lauffellsmýrar** <https://www.ni.is/greinar/su-lauffellsmyrar> (<https://www.ni.is/greinar/su-lauffellsmyrar>)

**Steinsmýrarflóð–Grenlækur** <https://www.ni.is/greinar/su-steinsmyrarflod-grenlaekur> (<https://www.ni.is/greinar/su-steinsmyrarflod-grenlaekur>)

**Núpsstaðaskógur** <https://www.ni.is/greinar/su-nupsstadaskogur> (<https://www.ni.is/greinar/su-nupsstadaskogur>)

**Hólmsá** <https://www.ni.is/greinar/su-holmsa> (<https://www.ni.is/greinar/su-holmsa>)

**Kúðafliót – selasvæði** <https://www.ni.is/greinar/kudafliot> (<https://www.ni.is/greinar/kudafliot>)

**Torfajökull.** <https://www.ni.is/greinar/su-torfajokull> (<https://www.ni.is/greinar/su-torfajokull>)

Fleiri svæði með hátt náttúruverndargildi í sveitarfélaginu eru t.d.

**Skaftáreldahraun** hefur hátt verndargildi bæði náttúrufræðilega og sögulega. Þetta er eitt stærsta eldgos Íslands á sögulegum tíma sem orsakaði miklar hamfarir á land og þjóð. Hraunið nýtur sérstakrar verndar skv. 61 gr. náttúruverndarlaga. Hraunið er þakið þykkum mosa, hraungambra, og vernda þarf hraunið og vistgerðir þess gegn ágangi ferðamanna sem og þarf að uppræta útbreiðslu ágengra tegunda s.s. lúpínu. Náttúrufræðistofnun telur að forðast eigi umfangsmikla skógrækt í Skaftáreldahrauni og að horfa eigi frekar til náttúrulegs gróðurfars.

**Landbrotshólar** eru gervíggar sem njóta sérstakrar verndar skv. 61 gr. náttúruverndarlaga og þarf að friðlýsa. Gervíggar eru einstakir á heimsvísu og með hátt verndargildi. Fyrirhuguð uppbygging í Hátúni sem kynnt er í umhverfismatskýrslu, kemur til með að raska gervígum og breyta ásýnd svæðisins. Auk þessa eru margar litlar efnisnámur innan Landbrotshóla þar sem verið er að grafa í og raska gervígum. Mikilvægt er að vernda gervígasvæðið og ásýnd þess.

### Frístundabyggð

Nokkuð er um ný eða stækkuð svæði frístundabyggðar. Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að við skipulag sé tekið tillit til náttúrufars þeirra svæða sem á að taka undir slíka byggð. Til dæmis geta verið mikilvæg búsvæði fugla á opnum svæðum þar sem er mólendi. Nánar er fjallað um vaðfugla í kafla hér fyrir neðan; Vernd búsvæða íslenskra vaðfugla. Frístundabyggðir breyta einnig landslagi og geta haft áhrif á merkar jarðminjar, skemmt þær eða breytt sýnileika þeirra og aðgengi að þeim.

### Skógrækt- og landgræðsla

Náttúrufræðistofnun telur jákvætt að á nýju landgræðslusvæði í Bresti (SL9) séu áform um að græða upp með innlendum tegundum, birki. Svæðið er á Skaftáreldahrauni þar sem Skaftá hefur skilið eftir sig framburð í jökulhlaupum. Hér þarf að gæta vel að því að nálægar og náttúrulegar vistgerðir verði ekki fyrir tjóni.

Sama á við um landgræðslusvæði við Steinsmýrarflóð (SL13), en svæðið hefur verið tilnefnt sem verndarsvæði á B-hluta náttúruminjaskrár vegna sérstæðra vistgerða á landi og í ferskvatni.

Í Skaftárhreppi er tilkomumikið landslag og landslagsform sem þarf að hafa í huga við skipulagningu skógræktarsvæða. Á bls. 60 í greinargerð í umfjöllun um skógrækt kemur skýrt fram að tekið verði tillit til náttúrulegrar sérstöðu svæða, líffræðilegrar fjölbreytni og sjaldgæfra vistgerða þegar ákvarðanir um

skógræktarsvæði eru tekin. Þetta er mjög mikilvægt atriði sem ber að tryggja í framkvæmd. Einnig ber að taka tillit til jarðmyndana og sérstaklega ef horfa skal til lítt gróinna svæða því þar geta verið vel sýnilegar verðmætar myndanir.

### Vernd búsvæða íslenskra vaðfugla

Náttúrufræðistofnun vil vekja athygli á grein sem kom nýlega út í Náttúrufræðingnum; „Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla“ (Tómas Grétar Gunnarsson, 2020) og ættu allir sem koma að skipulagsmálum í dreifbýli að kynna sér efni hennar. Á Íslandi eru gríðarstórir vaðfuglastofnar en það eru ýmsar hættur sem koma til með að steðja að þeim á komandi áratugum, t.d. má nefna hugmyndir um stórfellda aukningu í skógrækt á láglandi, aukinn fjöldi frístundabyggða og dreifingu lúpínu. Auk þess sem hækkandi hitastig og víða minnkandi sauðfjárbreit mun leiða til hávaxnari og þéttari gróðurs sem leiðir til fækkunar búsvæða fyrir vaðfugla. Langflestar vaðfuglategundir eru háðar opnum, fremur snöggglendum búsvæðum og þrífast ekki í skóglendi. Það er því brýnt að sveitarfélög marki sér stefnu um verndun og endurheimt búsvæða vaðfugla, að tekið sé tillit til þarfa þeirra við hvers kyns skipulag og leitast við að lágmarka neikvæð áhrif framkvæmda á vaðfugla.

Helstu þættir sem geta stuðlað að vernd vaðfugla eru dregnir saman í einfaldaðri töflu hér fyrir neðan úr grein Tómasar Grétars Gunnarssonar (2020). Þar kemur m.a. fram að afar mikilvægt er að vanda vel valið á staðsetningu undir skógrækt til að takmarka búsvæðatap vaðfugla. Ekki er einungis um að ræða flatarmálið sem fer undir skógræktina heldur hefur skógur einnig jaðaráhrif sem gætir í umtalsverðri fjarlægð frá honum. Þessi jaðaráhrif lýsa sér þannig að þéttleiki margra vaðfugla er lægri þegar nær dregur skóginum en fjær. Því getur búsvæðatap vaðfugla vegna skógræktar verið umtalsvert meira en augljóst er í fyrstu. Skjólbelti ætti einnig að nota sparlega og helst í grennd við önnur fyrirbyggjandi mannvirki sem þegar hafa sömu fælandi jaðaráhrif.

Einfölduð tafla úr grein Tómasar Grétars Gunnarssonar (2020). Þættir sem geta stuðlað að ákjósanlegri verndarstöðu íslenskra vaðfuglastofna. Tillögurnar nýtast einnig mörgum öðrum hópum íslenskra fugla. Nánari útskýringar má finna í megintexta greinarinnar.

Landgerðir	Aðgerðir
Opið land	Vaðfuglastofnar þrífast á opnu landi af ýmsum gerðum. Mikilvægt er að haf sem minnstu af mannvirkjum og hávöxnum gróðri. Samanlögð áhrif þessa vaðfuglastofnum hnignar. Skilyrði fyrir vaðfugla fylgja hóflegri sauðfjárbreit er líklega víða ein af forsendum fyrir sterkum vaðfuglastofnum.
Votlendi	Vernd og endurheimt votlendis er mikilvæg þar sem við verður komið. Votlendis öðru dýralífi langt út fyrir mörk sín. Víða er hægt að viðhalda tjörnum og bláslíkt votlendi innan um land sem er í notkun, t.d. landbúnaðarland
Fjörur	Gagnlegt er að takmarka umferð manna og gæludýra um fjörur á fartíma á sem saman fara fuglarík svæði og mikil umferð, s.s. nálægt þéttbýli og við fjarlægðir
Áreyrar og sandar	Hálfgrónar eyrar og sandar á nokkrum afmörkuðum svæðum á landinu, oft verulegs hluta af heimsstofni spóa og fjölda annarra vaðfugla. Í bráð eru þe tegunda, einkum lúpínu, og í lengd vegna loftslagsbreytinga og stýringar va verðmætustu svæðin fyrir landnámi lúpínu og fleiri hávaxinna jurta. Hér má á Suðurlandi og sanda við Öxarfjörð og Úthérað.
Skógrækt	Skógrækt, og önnur ræktun hávaxinna plantna, er skilvirk leið til að fækka v huga að skipulagi skógræktar bæði innan jarða en ekki síður á landsmælikv kappkosta að planta frekar færri og stærri skógum en fleiri og minni til að l sem skógarreitir minnka þéttleika vaðfugla langt út fyrir skógarmörk. Plöntu landi lágmarkar einnig neikvæð áhrif skógræktar á flesta vaðfugla. Mest er í grónum láglandissvæðum og á slíkum svæðum hefur skógrækt mest áhrif á
Landbúnaðarland	Landbúnaðarland er hagfelld sumum tegundum vaðfugla en mikilvægi þess í næsta umhverfi. Mikilvægt er að hlífa úthaganum í grennd við landbúnað : hóflegri beit. Órækt í kringum ræktað land, s.s. breiðir óslegnir kantar í krin hreiðurstæði. Mikilvægt er að viðhalda tjörnum og votlendi í kringum landb sleppi þegar tún eru slegin innan frá og út en öfugt.

Mólendi	Mólendi er enn víðáttumikið og stendur undir stórum stofnum vaðfugla á lágheiðum er mikilvægast. Suðurland er mikilvægasta landsvæðið fyrir skert mikið, einkum með frístundabyggð og skógrækt. Mikilvægt er að hlífa standa fyrir mannvirkjum og ræktun. Þar eru Lyngdalsheiði og Mosfellsheiði
Mannvirki	Vaðfluglar forðast háreist mannvirki, s.s. byggingar og vindmyllur, rétt eins og að áhrifasvæði slíkra umsvifa skarist sem mest til þess að þau hafi áhrif á svæði vaðfugla á opnu landi. Mörk um fjarlægð milli vatns og mannvirkja (50 m) í: að tryggja sjálfsagða fuglavernd.

Heimild: *Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. Náttúrufræðingurinn 90 (2-3) bls. 145-162.*

### Verndarsvæði

Náttúrufræðistofnun telur mjög jákvætt að hverfisvernd sé sett á stór svæði á hálendinu þ.m.t. svæði sem eru á núgildandi náttúruminjaskrá en eru ekki friðlýst. Þar með styrkist verndun mikilvægra náttúruminja. Tryggja þarf að hverfisverndarákvæði séu samræmt friðlýsingarskilmálum þar sem skörun er við friðlýst svæði svo sem Vatnajökulsþjóðgarð. Þá þarf að samræma markmið um verndun svæða á náttúruminjaskrá. Sérstaklega er ánægjulegt að sjá að stefnt er að hverfisvernd lindasvæði. Það er frumkvæði sem ber að fagna.

Náttúrufræðistofnun telur að einnig mætti skilgreina sambærileg hverfisverndarsvæði fyrir verðmætar náttúruminjar á láglandi. Þar mætti t.d. horfa til tillagna Náttúrufræðistofnunar að B-hluta náttúruminjaskrár sem fjallað er um hér að framan, sem og kortlagningu Náttúrufræðistofnunar á náttúruminjum sem falla undir sérstaka verndun skv. 61. grein laga nr. 60/2013 um náttúruvernd (<https://serstokvernd.ni.is/>) eða sem Náttúrufræðistofnun hefur skilgreint sem mikilvæg fuglasvæði (<https://vistgerdakort.ni.is/>).

### Umhverfismat

Í umhverfismati áætlunar eru sett viðmið fyrir hvern umhverfisþátt (tafla bls. 124). Þar vantar að nefna jarðminjar undir viðfangsefnið Náttúrufar og dýralíf, en jarðminjar í Skaftárhreppi eru margbreytilegar og margar þeirra eru merkilegar á heimsvísu

Undir umhverfisviðmið í töflu á bls. 127, Önnur stefnumörkun, vantar að nefna UNESCO heimsminjar og UNESCO jarðvanga.

Í umhverfismati aðalskipulagsins þar sem metin verða áhrif einstakra landnýtingaráforma sem hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif (bls. 133) þarf að bæta við Skálarvirkjun á listann og meta áhrif hennar. Skálarvirkjun er innan svæðis á náttúruminjaskrá, Skálarheiði nr. 759.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við framangreinda vinnslutillögu en áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins gerist þörf á því.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500.

www.ni.is (<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoic4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6Iik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRNy%2BdfM%3D&reserved=0>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Ólafur Júl Byggingarfulltrúi" <bygg@klaustur.is>

**Subject:** Kynning á vinnslutillögu að nýju Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2019-2031

**Date:** 17.12.2021 16:15:00

### Kynning á vinnslutillögu að nýju Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2019-2031

Í samræmi við 2.mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt vinnslutillaga að nýju aðalskipulagi Skaftárhrepps 2019-2031.

Vinnslugögnin verða á heimasíðu sveitarfélagsins [www.klaustur.is](http://www.klaustur.is) (<http://www.klaustur.is>) undir skipulags- og byggingarmál en gögnin samanstanda af greinargerð og umhverfismatsskýrslu, sveitarfélagsuppdrætti og þéttbýlisuppdrætti.

Þeir sem vilja koma með ábendingar eða athugasemdir við vinnslugögn/vinnslutillögu geta skilað þeim á netfangið [bygg@klaustur.is](mailto:bygg@klaustur.is) (<mailto:bygg@klaustur.is>) fyrir lok dags. **5.janúar 2022.**

Endanleg tillaga verður kynnt almenningi með formlegum hætti og auglýst í samræmi við ákvæði skipulagslaga 123/2010 í upphafi nýs árs þar sem öllum gefst aftur tækifæri á að koma með athugasemdir.

*Bestu kveðjur / best regards*

*Ólafur Elvar Júlíusson*

*skipulags- og byggingafulltrúi*

*netfang: bygg@klaustur.is (mailto:bygg@klaustur.is), sími: 487-4840*

*Skaftárhreppur, Klausturvegi 4, 880 Kirkjubæjarklaustur*



*Þessi tölvupóstur og viðhengi hans gætu innihaldið trúnaðarupplýsingar eingöngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa né skrá neinar upplýsingar eða notfæra á nokkurn hátt og tilkynna sendanda að upplýsingarnar hafi ranglega borist þér (Sbr. 2. mgr. 44. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999). Vinsamlegast eyðið póstinum og öllum viðhengjunum í slíkum tilvikum. Efni tölvupóstsins og viðhengi er á ábyrgð sendanda ef það tengist ekki starfsemi Skaftárhrepps.*

## Viðhengi

image002.png (19 KB)

image001.png (11 KB)